

# Tíu spurningar um skógrækt

bornar upp við alla stjórn málaflokka sem bjóða fram í Alþingiskosningunum 2016

Skógræktin 17. október 2016 – www.skogur.is

Spurningarnar voru sendar öllum stjórn málaflokkum sem bjóða fram lista í Alþingiskosningunum 29. október 2016. Notast var við opinber netföng flokkanna sem birt eru á vefsíðum þeirra.

Svör bárust ekki frá Dögum, Flokki fólksins, Húmanistaflokknum og Íslensku þjóðfylkingunni. Húmanistaflokkurinn svaraði þó með eftirfarandi orðsendingu:

„Húmanistaflokkurinn hefur ekki mótað sér stefnu í málefnum varðandi skógrækt. Við viljum vera heiðarleg svo það er ekki von á svörum frá okkur við þessum spurningum. Við erum alveg tilbúin að hitta ykkur eftir kosningar til að fræðast um málefnið.“

## Hér fara á eftir spurningarnar tíu og svör flokkanna sem svarað höfðu 28. október 2016

### Markmið

1. Í umræðunni um loftslagsbreytingar og síaukið hlutfall koltvísýrings í loftþjúpi jarðar er verndun skóga og skógrækt ofarlega á lista yfir mikilvægustu aðgerðirnar til að draga sem mest úr loftslagsvánni. Íslendingar hafa þegar verndað skóga sína. Skóglendi á Íslandi stækkar hægt og bitandi, sérstaklega birkiskóglendi.

### 1. spurning: Hefur flokkurinn sett sér markmið og stefnu um skógrækt á Íslandi?

**Svar Alþýðufylkingarinnar:** Alþýðufylkingin vill setja rammaáætlun um landnýtingu þar sem við gerum ráð fyrir mikilli skógrækt á landi sem er ekki nýtt til annars, sem og endurheimt votlendis. Við viljum skoða að nýta seyru frá þéttbýlissvæðum í skógrækt.

**Svar Bjartrar framtíðar:** Já, í umhverfisstefnu Bjartrar framtíðar kemur fram að við viljum auka skógrækt/skógræðslu lands, ekki síst í því skyni að efla virkni vistkerfa.

**Svar Framsóknarflokksins:** Framsóknarflokkurinn styður eindregið við skógrækt, landgræðslu og aðra endurheimt landgæða. Flokkurinn telur ákjósanlegt að gott samstarf og samvinna sé við landeigendur, skógræktar- og landgræðslufélög, bændur og sveitarfélög að verkefnum sem leiða til aukinnar kolefnisbindingar, verðmætasköpunar og verndar jarðvegs. Skapa þarf hvetjandi umhverfi sem örvar til nýsköpunar úr afurðum og arðs af skógrækt.

Skipuleggja þarf skógrækt, endurheimt votlendis og landgræðsluframkvæmdir á völdum svæðum á landinu á grundvelli sérstakrar framkvæmdaráætlunar með hagkvæmni og samþætt sjónarmið skógræktar, landbúnaðar og útivistar að leiðarljósi. Formleg endurheimt votlendis er hafin. Framsóknarflokkurinn telur að stefna ætti að 5% skógarþekju sem samanstandi af skógi og kjarri.

**Svar Pírata:** Nei, en stefna er í kosningu (<https://x.piratar.is/issue/313/>) þar sem segir meðal annars:

„i. Efla skal skógrækt og landgræðslu á landbúnaðarlandi og á örfoka landi, en þó í samræmi við skipulagsáætlanir og aðrar reglur þar um.“

og

„stórátak verður gert í að minnka losun sem ekki fellur undir Parísarsamninginn, t.d. fimm ára áætlun um endurheimt votlendis og 10 ára áætlun í skógrækt og uppgræðslu“

Þrír dagar eru eftir af kosningunni.

**Svar Samfylkingarinnar:** Í landsfundarályktun Samfylkingarinnar segir að brýnt sé að grípa til aðgerða gegn loftslagsbreytingum, m.a. með því að binda gróðurhúsalofttegundir í gróðri og jarðvegi með ræktun.

**Svar Sjálfstæðisflokksins:** Á landsfundi Sjálfstæðisflokksins árið 2015 var í fyrsta skipti fjallað um skógrækt í samþykktum fundarsins. Þar segir m.a. að mikil tækifæri væru til staðar í eflingu skógræktar á hreinum viðskiptalegum forsendum. Skógrækt mun einnig draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Sjálfstæðisflokkurinn telur brýnt að dregið verði úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda og að það verði gert með því að draga úr brunu og binda kolefni með skógrækt og eflingu gróðurlenda.

**Svar Viðreisnar:** Já, flokkurinn vill nota skógrækt sem mótvægisáðgerð. Viðreisn hefur sett sér stefnu, þar sem kveðið er á um að ráðist verði í endurheimt votlendis og aukna skógrækt, en ekki sett sér töluleg markmið. Þá leggur Viðreisn áherslu á græna skatta á mengun. Slík skattlagning opnar fyrir möguleika fyrirtækja á að fjárfesta í viðurkenndum mótvægisáðgerðum við losun, svo sem skógrækt eða endurheimt votlendis til að draga úr skattbyrði sinni.

**Svar Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs:** Vinstri græn hafa ekki tekið skógrækt sérstaklega fyrir, en hún telst þó eitt af öflugri verkfærum til kolefnisbindingar í baráttunni við hlýnun jarðar og Vinstri græn hafa talað fyrir því að stuðla að aukinni þátttöku bænda í skógrækt, sem hluti af landbúnaðarstefnu hreyfingarinnar.

2. Viðmiðunarbinding í skógrækt á Íslandi er 4,5 tonn af koltvísýringi á hverjum hektara ræktaðs skóglendis. Þá er miðað við 60 ára vaxtarlotu. Þetta er byggt á stöðugum mælingum Rannsóknastöðvar Skógræktarinnar á Mógilsá. Í aspar- og sitkagreniskógum getur bindingin orðið umtalsvert meiri, a.m.k. 11 tonn á hektara. Af því sést að skógrækt er mjög vænleg leið til kolefnisbindingar hérlendis sem mótvægisáðgerð gegn loftslagsbreytingum. Viðurkennt er í alþjóðlegu loftslagsbókhaldi að reikna meðalbindingu á vaxtarlotu strax frá fyrsta vaxtarári jafnvel þótt trén bindi minnst framan af en mest þegar líður á vaxtarlotuna.

## 2. spurning: Hefur flokkurinn sett sér stefnu um hversu mikið skuli bundið af koltvísýringi með skógrækt á samningstíma Parísarsamkomulagsins fram til 2030?

**Svar Alþýðufylkingarinnar:** Alþýðufylkingin hefur ekki gert það. Hins vegar vill flokkurinn gera Ísland eins lítið háð einnota orkugjöfum og hægt er, þannig að stórminnkun útblásturs á gróðurhúsalofttegundum af loftslagsástæðum er markmið okkar. Skógrækt hnígur auðvitað að því sama, svo það leiðir af því að við mundum styðja hana líka.

**Svar Bjartrar framtíðar:** Björt framtíð leggur mikla áherslu á að horfa heildstætt á þjónustu vistkerfa, þar með talið kolefnisbindingu í gróðri og jarðvegi, jarðvegsgæði og vatnsmiðlun. Við viljum því stuðla að frekari útbreiðslu birkiskóglendis og ýta undir stór samfelld landbótaverkefni, hliðstæð Hekluskógaverkefninu, sem víðast á þeim 800.000 ha af röskuðu landi sem, samkvæmt Héraðsáætlunum Landgræðslunnar, eru tækir til endurheimtar landgæða. Björt framtíð vill einnig horfa til að auka skógrækt sem ætluð er til timburframleiðslu til að mæta markmiðum Parísarsamkomulagsins.

**Svar Framsóknarflokksins:** Framsóknarflokkurinn vann að gerð Parísarsamkomulagsins og undirritaði hann f.h. Íslands. Sannarlega styður hann eigin verk. Hnatræn hlýnun krefst viðbragða innanlands og þátttöku Íslands á vettvangi Norðurskautsráðsins og Sameinuðu þjóðanna. Framsóknarflokkurinn vill styðja og styrkja þróun og nýtingu á grænum orkugjöfum til að draga úr loftmengun. Unnið er að stefnumörkun til lengri tíma um notkun á innlendri endurnýjanlegri orku varðandi samgöngur.

**Svar Pírata:** Nei. Píratar taka upplýstar ákvarðanir og nákvæmar útfærslur á bindingu koltvísýrings miðað við þær aðferðir sem í boði eru hafa ekki verið kynntar okkur.

**Svar Samfylkingarinnar:** Það er ljóst að til þess að ná fram markmiðum Parísarsamkomulagsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda þarf að grípa til ýmissa aðgerða. Samhliða minni losun er landgræðsla, endurheimt votlendis og aukin skógrækt góð leið til að ná fram fyrrnefndum markmiðum. Í því skyni er mikilvægt að kortleggja mögulega kolefnisbindingu með skógrækt, eins og m.a. gert er ráð fyrir í loftslagsstefnu Reykjavíkurborgar.

**Svar Sjálfstæðisflokksins:** Sjálfstæðisflokkurinn hefur ekki ályktað sérstaklega um það hve mikið skuli bundið af koltvísýringi með skógrækt. Líkt og áður segir telur flokkurinn brýnt að dregið verði úr nettólosun gróðurhúsalofttegunda og að það verði gert með því að draga úr brunu og binda kolefni með skógrækt.

**Svar Viðreisnar:** Nei, slík töluleg markmið liggja ekki fyrir en æskilegt er að setja þau. Loftlagsbreytingar af mannavöldum eru hnattrænn umhverfisvandi enda virðir mengun engin landamæri. Mikilvægt er að Ísland taki virkan þátt í baráttunni gegn þessum vanda í alþjóðlegu samstarfi. Endurheimt votlendis, rafvæðing bílaflotans, vistvæn orka til skipaflotans, framleiðsla á endurnýjanlegri orku og aukin skógrækt eru sóknarfæri sem samræmast alþjóðlegum skuldbindingum Íslendinga. Viðreisn ætlar m.a. að innleiða græna skatta sem hvata til að draga úr mengun.

Viðreisn telur að fara þurfi í vinnu við að kanna hversu mikil CO<sup>2</sup> binding fæst við hvaða aðgerðir, hvar fjármunum er best varið til að hámarka bindingu koltvísýrings og að slíkt verði gert með samvinnu stjórnvalda og okkar færustu vísindamanna. Á grunni slíkrar vinnu er síðan hægt að meta til hvaða aðgerða er vænlegast að grípa og hver kostnaður af slíku yrði. Benda má á að með auknu frelsi í landbúnaði geta t.d. skapast möguleikar á að færa beingreiðslur að einhverju leyti yfir til skógræktar og styðja þar með við vaxandi vistvæna atvinnugrein.

**Svar Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs:** Ekki hefur verið sérstaklega tiltekið hversu mikið skuli bundið af koltvísýringi með skógrækt, en markmið VG er að Ísland verði kolefnishlutlaust árið 2050 og nokkuð víst að það markmið næst trauðla án aðkomu skógræktar.

3. Skógrækt er vænleg leið til að stöðva losun gróðurhúsalofttegunda frá framræstu landi og þegar tré eru ræktuð á slíku landi hefst binding í stað losunar. Þar sem svo háttar til að ekki þykir fýsilegt að fylla upp í skurði og bleyta í landinu á ný er því góður kostur að efna til skógræktar. Þá verða að auki til verðmæti og störf skapast við skógrækt, skógarumhirðu og úrvinnslu síðar meir. Alaskaösp sem ræktuð er á framræstu landi má uppskera eftir 20 ár.

**3. spurning: Hefur flokkurinn hugað að skógrækt sem leið til að draga úr loftslagsáhrifum framræsts lands?**

**Svar Alþýðufylkingarinnar:** Við höfum ekki hugað að því, en erum fús til að gera það, enda eru loftslagsmál okkur mjög hugleikin.

**Svar Bjartrar framtíðar:** Björt framtíð telur að það eigi að skoða og meta alla kosti sem hugsanlega nýtast til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá framræstu landi og mun klárlega ýta á að þessi möguleiki verði skoðaður nánar.

**Svar Framsóknarflokksins:** Landbúnaður og landnotkun hefur vissulega áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda en þar eru jafnframt tækifæri til að binda koldíoxíð úr andrúmslofti með skógrækt, landgræðslu og fleiri aðgerðum. Nauðsynlegt er að fá betri kortlagningu og útreikninga á hvernig losunin dreifist innan geirans og hvar tækifæri í bindingu liggja svo markmið og áætlanir um samdrátt í losun nái fram að ganga.

**Svar Pírata:** Sjá svar 1.

**Svar Samfylkingarinnar:** Flokkurinn leggur áherslu á endurheimt votlendis og sjálfsagt að skoða jafnframt aðrar leiðir eins og skógrækt á framræstu landi.

**Svar Sjálfstæðisflokksins:** Sjálfstæðisflokkurinn hefur talað fyrir því að skógrækt muni geta dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda. Það gildir jafnt um það hvort loftslagsáhrifin sem bregðast þurfi við stafi af framræslu lands eða af öðrum orsökum.

**Svar Viðreisnar:** Framræst votlendi losar 72% af öllum gróðurhúsalofttegundum hér á landi og þess vegna felast langstærstu tækifæri Íslendinga á næstu árum til að draga úr loftslagsáhrifum í endurheimt votlendis. Mýrlendi voru og eru hluti af vistkerfi Íslands og þau þarf að vernda og/eða endurheimta. Að því verkefni þurfa margir að koma og ríkið að veita fjármagn til þess, etv. að hluta til í gegnum búvörusamning. Í sumum tilvikum getur verið skynsamlegt að draga úr loftslagsáhrifum framræsts lands með skógrækt í stað þess að fylla upp í skurði. Það fer m.a. eftir því hvernig háttar til á hverjum stað.

**Svar Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs:** Félagar og frambjóðendur Vinstri grænna hafa ítrekað talað fyrir aukinni skógrækt og jákvæðum áhrifum skógræktar, jafnt á umhverfi og landbúnað. Aukin þátttaka bænda í skógrækt t.a.m. á framræstu landi, til kolfnisbindingar og atvinnusköpunar, fellur því vel að hugsjónum og stefnu VG.

## Auðnir

4. Talið er að helmingur alls gróðurlendis sem var á Íslandi við landnám hafi horfið vegna landnýtingar mannsins. Stór svæði landsins eru nú auðnir þar sem áður var gróið land. Í auðnunum er víða enn mikið af jarðvegi sem heldur áfram að rotna. Við það losnar koltvísýringur út í andrúmsloftið en magn hans er ekki þekkt. Skógrækt er öflugasta leiðin til að stöðva þessa losun, hefja í staðinn bindingu og vernda þær gróðurtorfur sem enn eru á svæðinu. Þannig eru því slegnar tvær flugur í einu höggi og raunar fleiri. Hér kemur til greina birkiskógrækt en einnig nytjaskógrækt sem gefur af sér mikil verðmæti.

### 4. spurning: Hyggst flokkurinn láta rannsaka þessa koltvísýringslosun og vill flokkurinn stuðla að því að auðnir verði ræktaðar upp með skógi?

**Svar Alþýðufylkingarinnar:** Flokkurinn hefur ekki myndað sér stefnu í þessu. Við vitum að frekari rannsóknir á koltvísýringslosun bæta skilning okkar á umhverfinu, og þar með getu okkar til að lifa í sátt við það. Þannig að það má reikna með því að við styðjum þessar rannsóknir.

**Svar Bjartrar framtíðar:** Björt framtíð vill efla rannsóknir á landvistkerfum almennt til að við höfum alltaf bestu fáanlegu fræðilegu vitneskju til að byggja á. Að öðru leyti vísum við til svars okkar við 2. spurningu hér ofar.

**Svar Framsóknarflokksins:** Framsóknarflokkurinn telur mikilvægt að efla rannsóknir og vísindi varðandi koltvísýringslosun. Nauðsynlegt er að fá betri kortlagningu og útreikninga á hvernig losunin dreifist innan geirans og hvar tækifæri í bindingu liggja svo markmið og áætlanir um samdrátt í losun nái fram að ganga.

Þá er skógrækt viðurkennd mótvægisáðgerð gegn uppsöfnun gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu. Margir bændur eiga land sem ekki nýtist við búskapinn og gæti hentað vel til skógræktar. Með skógræktaráætlun skapast möguleikar á nýrri skógarauðlind og sjálfbærni í nýtingu lands samhliða bættri ímynd.

Flokkurinn bendir á árangur Hekluskógaverkefnisins. Hliðstætt verkefni er að fara af stað við Þorlákshöfn en Landgræðsla ríkisins, Skógræktin og Sveitarfélagið Ölfus eru að fara af stað með að græða upp land og rækta skóg á Þorlákshafnarsandi sem hefur m.a. það markmið að vernda byggðina, binda kolefni, endurheimta vistkerfi og auka gildi svæðisins til útivistar.

**Svar Pírata:** Píratar taka upplýstar ákvarðanir og eru mjög fylgjandi gagnasöfnun. Hvort niðurstöður þeirra rannsókna sýna að skógrækt sé svarið er ekkert hægt að segja um á þessu stigi málsins.

**Svar Samfylkingarinnar:** Flokkurinn telur sjálfsagt að styðja við rannsóknir á þeim þáttum sem valda losun, þ.á.m. þeirri losun sem gróðureyðing veldur.

**Svar Sjálfstæðisflokksins:** Í landsfundarályktun umhverfis- og samgöngunefndar flokksins segir m.a. að eitt mikilvægasta verkefni Íslendinga á sviði náttúrverndar sé að vinna að uppgræðslu og jarðvegsbindingu. Til þess þarf uppgræðslu örfoka lands, nýrækt skóga og beitarstjórnun.

**Svar Viðreisnar:** Stefna Viðreisnar í umhverfis- og auðlindamálum felur í sér að ákvarðanir um ráðstöfun lands og nýtingu eigi að byggja á rannsóknum. Jafnframt hefur flokkurinn skógrækt á stefnuskrá sinni. Flokkurinn hefur ekki tekið afstöðu til einstakra rannsóknaverkefna eða forgangsröðunar þeirra en vill eiga gott samstarf við innlenda háskóla og stofnanir á borð við Skógræktina og Landgræðsluna, auk samtaka bænda. Hugmyndin sem spurningin byggist á er vissulega áhugaverð.

**Svar Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs:** Vinstri græn styðja og hvetja til aukinna framlaga til rannsókna á umhverfi okkar og náttúru, þar með talið koltvísýringslosunar frá örfoka landi eða auðnum. Uppgræðsla lands er okkur hjartans mál.

## Mannvirki

5. Smíði húsa og annarra mannvirkja úr steinsteypu og stáli hefur margfalt meiri losun í för með sér en smíði timburmannvirkja. Í smíðum eru háhýsi úr timbri austan hafs og vestan og talað um að koltvísýringsútblastur vegna sambærilegra steinsteypu- og stálbygginga sé 70 sinnum meiri en vegna timburháhýsanna. Að auki geyma timburmannvirkin í sér kolefnið svo lengi sem þau standa. Timburhús eru varanleg mannvirki og endast öldum saman. Ný byggingartækni tryggir að timburhús standast húsum úr stáli og steinsteypu snúning á öllum sviðum, eru t.d. bæði sterkari og eldtraustari en aðrar byggingar.

### 5. spurning: Hyggst flokkurinn beita sér fyrir því að timbur verði í auknum mæli notað í mannvirkjagerð á Íslandi á kostnað steinsteypu og stáls? Og vill flokkurinn stuðla að því að timbrið í hús framtíðarinnar á Íslandi verði unnið úr íslenskum skógum?

**Svar Alþýðufylkingarinnar:** Flokkurinn hefur ekki beinlínis mótað sér stefnu í málinu, en það er mjög í anda þeirrar stefnu okkar að stuðla að sjálfbærni og umhverfisvænum lífnaðarháttum. Auk þess höfum við talað fyrir því að leita bjarganna þar sem styst er að sækja þær, til að spara óþarfa flutninga, aðallega af umhverfisástæðum, en líka vegna viðskiptahalla. Þess vegna ætti íslenskt byggingarefni að öðru jöfnu að teljast eftirsóknarvert í sjálfu sér, sér í lagi ef það er umhverfisvænt.

**Svar Bjartrar framtíðar:** Björt framtíð er mjög hlynnt allri nýsköpun og innleiðingu ferla sem falla innan framtíðarsýnar okkar á grænt lágkolefnishagkerfi.

**Svar Framsóknarflokksins:** Framsóknarflokkurinn fagnar því að hús Ásatrúarfélagsins verður unnið úr innlendum viði og sér tækifæri í aukinni skógrækt varðandi nýtingu auðlindarinnar. Tíminn verður að leiða í ljós hvort hús framtíðarinnar verða úr innlendum skógarafurðum.

**Svar Pírata:** Píratar eru stjórn mála flokkur sem byggir á gildum eins og lýðræði, gagnsæi, friðhelgi einkalífs og sjálfsákvörðunarrétti. Píratar vilja ábyrgja stjórnsýslu með mikilli aðkomu almennings. Píratar eru ekki að fara að segja fólki úr hvaða efni á að byggja hús.

**Svar Samfylkingarinnar:** Skógrækt er vaxandi grein á Íslandi og mikilvægt að stjórnvöld stuðli að nýtingu afurða hennar í innlendum byggingariðnaði eins og kostur er.



**Svar Sjálfstæðisflokksins:** Á 143. löggjafarþingi var lögð fram þingsályktunartillaga um eflingu skógræktar sem atvinnugreinar. Tillagan var samþykkt með 55 atkvæðum. Flutningsmaður tillögunnar var Jón Gunnarsson alþingismaður Sjálfstæðisflokksins og formaður atvinnuveganefndar. Meðflutningsmenn voru m.a. Ásmundur Friðriksson, Haraldur Benediktsson, Vilhjálmur Árnason og Vilhjálmur Bjarnason, allir þingmenn Sjálfstæðisflokksins. Tillagan var samþykkt af þingflokki Sjálfstæðisflokksins áður en hún var flutt á Alþingi.

Tillagan gerir m.a. ráð fyrir því að efla skógrækt á Íslandi sem arðsaman atvinnuveg. Í því sambandi verður m.a. að stórefla hagnýtar rannsóknir og þróunarstarf í skógrækt með áherslu á framleiðslu viðarafurða, framleiðni og arðsama skógrækt. Þá er gerir hún einnig ráð fyrir því að starfsumhverfið verði mótað, með rammaáætlun til þriggja ára, með þátttöku bænda og annarra landeigenda.

Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að þeir sem standa að mannvirkjagerð á Íslandi hafi val um það hvaða byggingarefni skuli nota. Vonir standa til þess að skógræktin á Íslandi geti með tímanum komið sínum vörum á markað og þar með aukið við þá flóru byggingarefna sem einstaklingar og fyrirtæki hafa úr að velja.

**Svar Viðreisnar:** Timbur er vanmetið byggingarefni en hér verða hagkvæmnisjónarmið að ráða för. Ef timburhús eru jafngóð eða betri en steinhús við íslenskar aðstæður og samkeppnishæf í verði, leiðir af sjálfu sér að þau komast í vaxandi mæli inn á markaðinn. Til þess ætti ekki að þurfa opinber afskipti. Hið sama gildir um hvaðan timbrið kemur, ákvörðun um hvort nota eigi íslenskt timbur eða erlent á að ráðast af verði timbursins og gæðum en ekki opinberum inngripum í markaðalögmálin. Sem dæmi um að markaðslögmálin geti unnið með íslenskri skógrækt, má nefna auðsýndan áhuga íslenskra arkitekta á að nýta íslenskan við til mannvirkjagerðar og ýmis sóknarfæri því samfara.

**Svar Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs:** Ekki hefur verið tekin afstaða til þessarar spurningar sérstaklega. Sem hluti af virðisauka skógræktar hefur þó verið talað jákvætt um áhrif nytjaskógræktar á smáíðnað og atvinnuuppbyggingu á landinu öllu. Vinstri græn hafa þó viljað og stefnt að því að vistspor þjóðarinnar minnki og því er eðlilegt að stuðla að aukinni nýtingu á á innlendu hráefni í byggingar.

6. Skógar breyta veðri, auka umsetningu næringarefna í vistkerfinu, hægja á rennsli vatns til sjávar, draga úr tapi næringarefna til sjávar, auka fuglalíf og annað dýralíf, auka örveru- og smádýralíf í jarðvegi, byggja upp jarðvegsauðlind, byggja upp timburauðlind, veita skjól á vegum, gefa aukna möguleika til útivistar og eflingar lýðheilsu, nýtast til ferðaþjónustu og margt, margt fleira.

**6. spurning: Hyggst flokkurinn beita sér fyrir aukinni nýtingu þeirrar fjölbættu vistkerfisþjónustu sem skógar veita til að efla íslenskt samfélag og náttúru?**

**Svar Alþýðufylkingarinnar:** Efling jarðvegs, vatnakerfa, villtra dýrastofna og annarrar náttúru er eitt aðalatriðið í landnýtingarstefnu okkar. Blómleg vistkerfi bjóða upp á marga kosti. Við höfum hins vegar ekki mótað stefnu um aukna nýtingu þeirra. Gerum það kannski síðar.

**Svar Bjartrar framtíðar:** Björt framtíð mun beita sér fyrir því að mikilvægi virkra vistkerfa svo sem birkiskóga og skóga sem ætlaðir eru til timburframleiðslu verði sýnilegra í allri ákvarðanatöku er snýr að landnýtingu og fjölbreytt vistkerfisþjónusta þeirra verði í auknum mæli nýtt. Þar má sérstaklega nefna skjólmyndun við hringveginn.

**Svar Framsóknarflokksins:** Slík fjölbreytni er mjög í anda markmiða Framsóknarflokksins að efla byggðir landsins og náttúru þess. Búskaparskógrækt með það að markmiði að bæta búsetuskilyrði, fjölga tækifærum, auka skógarþekju og brúa bil á milli skógræktar og hefðbundins landbúnaðar er vel til þess fallin að auka fjölbreytni.

**Svar Pírata:** Íslensk náttúra er ein sú fjölbreyttasta sem finnst á jörðinni. Það er mjög mikilvægt að halda í þá fjölbreytni og skógar er tvímælalaust hluti af þeirri fjölbreytni.

**Svar Samfylkingarinnar:** Aukin nýting vistkerfisþjónustu skóga fer vel saman við áherslur stefnunnar um Græna hagkerfið sem unnin var að frumkvæði Samfylkingin og flokkurinn leggur mikla áherslu á að verði sett aftur í gang.

**Svar Sjálfstæðisflokksins:** Mikil tækifæri eru í eflingu skógræktar á hreinum viðskiptalegum forsendum. Þær hugmyndir sem Sjálfstæðisflokkurinn hefur um eflingu skógræktar ættu að geta stutt við aukna nýtingu þeirrar fjölbættu vistkerfisþjónustu sem skógar veita.

**Svar Viðreisnar:** Já, með almennum stuðnings- og hvatningaraðgerðum. Slík útivistarsvæði hafa heilsuþætandi áhrif og forvarnargildi.

**Svar Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs:** Nýting vistkerfisþjónustu skóga rímar beint við stefnu Vinstri grænna um að styðja við líffræðilega fjölbreytni og minnkun vistspors.

- 7.** Skógrækt gefur fjölmörg tækifæri til að efla dreifbýli á Íslandi, rennir styrkari stoðum undir landbúnaðinn, styður við aðrar búgreinar, bæði kvikfjárrækt og akuryrkju, eykur verðgildi bújarða, bætir veðurskilyrði á bújörðum og þar með afrakstur búanna, gefur færi á að byggja upp gjöful og sjálfbær beitolönd, fjölgar atvinnutækifærum, byggir upp auðlind til framtíðar og þannig mætti áfram telja.

**7. spurning: Hvernig vill flokkurinn nýta skógrækt til að styðja við dreifðar byggðir á Íslandi?**

**Svar Alþýðufylkingarinnar:** Skógrækt skapar störf og bætir veður og vöxt og viðgang vistkerfanna. Það styður við dreifðar byggðir.

**Svar Bjartrar framtíðar:** Björt framtíð telur aukna skógræðslu lands og skógrækt mjög vænlega leið til að styðja við dreifðar byggðir landsins og telur nauðsynlegt að beina stærri hluta af styrkjum landbúnaðarkerfisins í að efla þessar greinar en núverandi kerfi gerir ráð fyrir. Skógræðsla og skógrækt eru jú bæði umhverfis- og landbúnaðarmál.

**Svar Framsóknarflokksins:** Framsóknarflokkurinn vill efla kynningu og fræðslu meðal bænda og hagaðila um þau tækifæri sem aukin skógrækt veitir byggðum landsins.

**Svar Pírata:** Píratar styðja sjálfsákvörðunarrétt og vísa því slíkum ákvörðunum til byggðanna sjálfra og nærsamfélags þeirra.

**Svar Samfylkingarinnar:** Samfylkingin leggur áherslu á að breyta styrkjakerfi landbúnaðarins með það að markmiði að auka beinan stuðning til bænda og stuðla að nýsköpun og vexti nýrra búgreina.

**Svar Sjálfstæðisflokksins:** Líkt og fram kemur í þingsályktunartillögunni sem nefnd hefur verið hér að framan þá telja fulltrúar flokksins langtímaleigu á landi til skógræktar geta styrkt byggð í dreifbýli. Slíkt eflir skilyrði til atvinnuuppbyggingar í dreifbýli, þar sem atvinna við ræktun, umhirðu og nýtingu skóga verður fyrst og fremst til í dreifbýli.

**Svar Viðreisnar:** Viðreisn vill leggja sitt af mörkum til þess að skógrækt geti orðið sjálfbær atvinnuvegur með tíð og tíma og þar með stoð í eflingu mannlífs á landsbyggðinni. Flokkurinn telur æskilegt að skógrækt sé meðal þess sem tekið er inn í myndina við gerð búvörusamninga. Dre

**Svar Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs:** Vinstri græn vilja efla nýsköpun í dreifðari byggðum og við telum að nytjaskógrækt styrki það enn frekar. Bæði hvað varðar beina nýtingu skóganna sem og hvað varðar afleiddar greinar.

8. Skógræktarlög eru að stofni til frá 1955 með síðari tíma breytingum. Löngu er orðið tímabært að sett verði ný skógræktarlög.

**8. spurning: Hyggst flokkurinn stuðla að því að setningu nýrra skógræktarlaga verði hraðað?**

**Svar Alþýðufylkingarinnar:** Það er sjálfsagt að styðja það ef það er löngu tímabært.

**Svar Bjartrar framtíðar:** Björt framtíð telur löngu tímabært að setja bæði skógrækt og landgræðslu ný lög og við munum beita okkur fyrir því eftir bestu getu.

**Svar Framsóknarflokksins:** Vinnu við gerð nýrra skógræktarlaga er nánast lokið í Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu. Sigrún Magnúsdóttir, umhverfis- og auðlindaráðherra hefði mælt fyrir þeim á haustþingi hefði ekki verið boðað til kosninga.

**Svar Pírata:** Skógræktarlög eru ekki forgangsatriði hjá Pírötum fyrir næsta kjörtímabil. Stefna Pírata er að það er sama hvaðan gott kemur og ef lögin eru góð og tilbúin þá er það ekkert sem Píratar munu koma í veg fyrir.

**Svar Samfylkingarinnar:** Já, eðlilegt er í framhaldi af sameiningu stofnana á sviði skógræktar að endurskoða lögin.

**Svar Sjálfstæðisflokksins:** Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að endurskoðun laga um skógrækt og landgræðslu fái sem fyrst afgreiðslu á Alþingi.

**Svar Viðreisnar:** Viðreisn vill stuðla að endurskoðun laganna en telur í þessu tilviki mikilvægara að vanda til verka en að hraða málum.

**Svar Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs:** Vinstri græn telja mikilvægt að endurskoða skógræktarlögin enda endurspeglu þau ekki aukna þekkingu og breyttar aðstæður í landinu.

9. Flest nágrannalönd okkar hafa sett sér skógræktarstefnu (Forest Policy). Skógræktin hefur unnið sinn hluta þess starfs með því að móta stefnuskjalið *Skógar á Íslandi, stefna á 21. öld* (<http://www.skogur.is/media/ymislegt/Stefna-skogar.pdf>).

**9. spurning: Hyggst flokkurinn beita sér fyrir því að setningu skógræktarstefnu á Íslandi verði hraðað?**

**Svar Alþýðufylkingarinnar:** Það er sjálfsagt að styðja það, enda er það hluti af stefnu okkar að stuðla að skógrækt (og endurheimt votlendis) á landi í dreifbýli sem er ekki frátekið fyrir landbúnað.

**Svar Bjartrar framtíðar:** Björt framtíð vill að skógræktarstefna Íslands verði hluti af heildarstefnumótun landnýtingar neðan 400 m/h fyrir næstu áratugina og mun beita sér eftir bestu getu fyrir að heildstæð landnýtingarstefna fyrir allt Ísland liggi fyrir innan fárra ára.

**Svar Framsóknarflokksins:** Framsóknarflokkurinn er hlynntur stefnumörkun varðandi þennan málaflokk.

**Svar Pírata:** Þessi málaflokkur er ekki í forgangi fyrir næsta kjörtímabil. Sama svar og við 8.

**Svar Samfylkingarinnar:** Já, sbr. tillögur nr. 48 í Aðgerðaáætlun um eflingu græna hagkerfisins en þar segir m.a.: „Unnið verði að framgangi skógræktar og vistheimtar með sjálfbæra nýtingu og bindingu kolefnis að leiðarljósi. Unnar verði skógræktar- og vistheimtaráætlanir til 20 ára þar sem samræmdar verði fyrri áætlanir og unnið út frá þeim markmiðum að efla úrræði til stöðvunar gróðureyðingar og auka skóga og skapa með því sjálfbærar auðlindir“.

**Svar Sjálfstæðisflokksins:** Sjálfstæðisflokkurinn telur mikilvægt að endurskoðun laga um skógrækt og landgræðslu fái sem fyrst afgreiðslu á Alþingi.

**Svar Viðreisnar:** Já. Viðreisn telur skógræktarstefnu forsendu árangursríkrar skógræktar, allt frá fræmyndun til lokanýtingar á skógarafurðum 40-60 árum síðar.

**Svar Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs:** Vinstri græn telja mikilvægt að hlusta á raddir sérfræðinga í þessum efnum og eðlilegt er að horfa til *Skóga á Íslandi, stefnu á 21. öld* í samhengi við myndun skógræktarstefnu.

**10.** Íslenska ríkið á fjöldamargar bújarðir um allt land sem ýmist eru í eyði eða leigðar út til búskapar eða annarra nota. Margar af þessum jörðum eru álitlegar til skógræktar.

Ríkisjarðir

**10. spurning: Hyggst flokkurinn beita sér fyrir því að ríkisjarðir verði nýttar til skógræktar og þar með til kolefnisbindingar og uppbyggingar auðlindar í almannabágu?**

**Svar Alþýðufylkingarinnar:** Flokkurinn vill að besta ræktarlandið sé tekið frá undir landbúnað. Jarðir sem eru í eyði þarf í raun að skoða hverja fyrir sig. Ætla má að drjúgur hluti þeirra yrði vel nýttur í skógrækt. Á öðrum gæti verið ástæða til að hefja landbúnað á nýjan leik. Það fer eftir aðstæðum á hverjum stað.

**Svar Bjartrar framtíðar:** Björt framtíð vill að ríkið móti sér skýra sýn á landnýtingu á ríkisjörðum og meti hvort megi leggja jarðirnar sérstaklega til verkefna sem miða að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda, fjölbreyttri vistkerfabjónustu og lífbreytileika.

**Svar Framsóknarflokksins:** Framsóknarflokkurinn vill að allar álitlegar bújarðir verði nýttar til búskapar og þar með innlendar matvælaframleiðslu. Flokkurinn telur jafnframt að skógrækt og búskapur geti farið saman í auknum mæli á Íslandi.

**Svar Pírata:** Ef stefna Pírata um loftslagsmál er samþykkt þá lítur þetta út fyrir að vera góð lausn á skógræktarluta þeirrar stefnu.

**Svar Samfylkingarinnar:** Samfylkingin leggur áherslu á uppbyggingu þjóðskóga sem opnir séu og aðgengilegir almenningi, bæði með því að styðja bændur til skógræktar á eigin jörðum, en einnig nýta ríkisjarðir þar sem það á við.

**Svar Sjálfstæðisflokksins:** Það hefur ekki verið skoðað sérstaklega en mikilvægt er að jarðir séu valdar með tilliti til þess hvar heppilegt geti verið að rækta þar skóga. Ríkisjarðir, sem og aðrar jarðir, geta allt eins verið undir í þeim efnum.

**Svar Viðreisnar:** Já, í einhverjum tilvikum eftir því sem aðstæður leyfa og skógar falla þar að umhverfinu. Almennt telur Viðreisn þó rétt að selja jarðir, sem hafa ekki sérstakt varðveislugildi, og fela frekar öðrum að sinna þar skógrækt.

**Svar Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs:** Eðlilegt er að ríkisjarðir séu nýttar, hvort sem er í skógrækt eða til búskapar. Vinstri græn vilja leggja sitt af mörkum til aukinnar kolefnisbindingar og því tilvalið að nýta þær jarðir sem henta til skógræktar.